

THE Lion

Blað nr. 238



We Serve

Nóvember / desember 2006

ÍSLENSK ÚTGÁFA
www.lions.is

*Gleðileg
jól*



NSR: Norrænt Lionsping á Íslandi í janúar 2007



Sept. / okt. 2006 Blað nr. 237
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.



Útgefandi THE LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109
Tímariðið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20,
105 Reykjavík er opin frá kl. 10.00 til 15.00
Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Sigríður Þorvaldsdóttir Kvaran

FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2006 – 2007

Fjölumðæmisstjóri:
Guðmundur Rafnar Valtýsson,
Lkl. Laugardals
Umdæmisstjóri 109A:
Björgúlfur Þorsteinsson,
Lkl. Hafnarfjarðar
Umdæmisstjóri 109B:
Jón Gröndal, Lkl. Nirði
Fjölumðæmisgjaldkeri:
Halldór Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni
Fjölumðæmisritari:
Órn Gunnarsson,
Lkl. Ásbirni

Alþjóðasamskipastjóri fv.
alþjóðastjórnarmaður:
Jón Bjarni Þorsteinsson
Lkl. Mosfellsbæjar
Fræðslustjóri:
Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold
Félaganefndar-/félagastjóri:
Daníel G Björnsson, Lkl. Munin
Útbreiðslustjóri:
Pálmi Hannesson, Lkl. Garði
Kynningarstjóri:
Ólafur Arni Halldórsson,
Lkl. Hafnarfjarðar
Unglingaskiptastjóri:
Kristjana E Guðlaugsdóttir,
Lkl. Æsu
LCIF stjóri / Ff.fjölumðæmisstjóri:
Geir Hauksson,
Lkl. Hafnarfjarðar
Lions Quest stjóri:
Þórunn Gestsdóttir, Lkl. Eir
Medic Alert stjóri:
Magnús B Einarsson
Lkl Mosfellsbæjar
Menningarstjóri:
Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu
Sjónverndar og heilbrigðisstjóri:
Björn Guðmundsson, Lkl. Víðarri
Umhverfisstjóri:
Sigrún Steinsdóttir, Lkl. Eir
Minja og skjalavörður:
Magnús Steingrímsson
NSR AU nefndarmaður:

Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn
Prótokolls og þingstjóri:
Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði
Verkefnastjóri:
Guðmundur Finnbogason,
Lkl. Skagastrandar
Fv.alþjóðastjórnarmaður:
Björn Guðmundsson,
Lkl. Kópavogs
Verkefnastjóri „SightFirst II“:
Kristinn Hannarsson,
Lkl. Mosfellsbæjar
Varaumðæmisstjóri 109A:
Halldór Ingvason,
Lkl. Grindavíkur
Varaumðæmisstjóri 109B:

**Framkvæmdastjórn Lions-
hreyfingarinnar 2006 – 2007:**
International President Jimmy
Ross
Immediate Past President Ashok
Mehta
First Vice President Mahendra
Jayanthipal Chandima
Amarasuriya
Second Vice President Albert F
Brandel

Umbrot og prentun: Litlaprent
Forsíðumynd: Halldór
Kristjánsson

HÖLDUM ÞEIM INNI

Kjörorð umdæmisstjóra 109B í dag

Brottfall félaga er eitt alvarlegasta vandamál hreyfingarinnar í dag. 124 félagar hættu í umdæmi 109 B og týndust. Hér koma 2 hugmyndir um verkefni fyrir félaganefndirnar

Hugmynd 1: Hvernig væri það ef félaganefnd hvers lionsklúbbs myndi veita hverjum brottfluttum félaga eftirfylgni þannig að félaganefndin myndi fylgja sínum félaga í næsta lionsklúbb þar sem félaginn settist að áður en hann flýttist endanlega burt úr klúbbnum. Félaganefndin í þeim klúbbi sem hann flýttist til myndi hvetja félagann til að ganga í lionsklúbbinn?

Hugmynd 2: Hvernig væri að félaganefnd hvers lionsklúbbs myndi renna yfir s.l. 5 ár og athuga hvort fyrrverandi klúbb-

félagar hafa komið sér fyrir í Lionsklúbbi á nýjum stað og hvort þeir þurfi að fá aðstoð eða hvatningu til þess og þá veita þeim aðstoð til þess.

Þetta er uppástungur og innlegg í félagagæsluna sem hægt er að hafa til umhugsunar.



Með kveðju
Valgerður Baldursdóttir
Félaga / Félaganefndarfulltrúi
Í umdæmisstjórn 109 B

Afmæli Lionsklúbba

Lkl. Önundarfjarðar	35 ára	07. ágúst	2006	Lkl. Hrærekur	35 ára	29. febrúar	2007
Lkl. Reykjavíkur	55 ára	14. ágúst	2006	Lkl. Borgarness	50 ára	02. apríl	2007
Lkl. Váli	20 ára	11. október	2006	Lkl. Skagafjarðar	20 ára	20. apríl	2007
Lkl. Kolgríma	20 ára	07. nóvember	2006	Lkl. Garðabæjar	35 ára	04. maí	2007
Lkl. Hornafjarðar	40 ára	09. nóvember	2006	Lkl. Ægir	50 ára	06. mars	2007
Lkl. Grundarfjarðar	35 ára	28. janúar	2007	Lkl. Laugardals	35 ára	13. maí	2007
Lkl. Fylkir	30 ára	02. febrúar	2007	Lkl. Skjaldbreiður	25 ára	13. maí	2007
Lkl. Patreksfjarðar	45 ára	19. febrúar	2007	Lin. Keflavíkur	25 ára	26. maí	2007
Lkl. Stykkishólms	40 ára	26. febrúar	2007	Lkl. Ísafjarðar	50 ára	25. júní	2007

Vinna með ungu fólki er fjárfesting til framtíðar

Jimmy Ross,
alþjóðaforseti



Hversu oft hafið þið ekki heyrt að ungafólkið í dag sé framtíð morgundagsins. Ég get fullvissað ykkur um að það er rétt.

Þegar þess tími kemur mun vöxtur, nám og þroski unga fólksins gera þeim kleift að taka sér forustuhlutverk í samþjálfargeirnum eins og Lions fólk hefur tekið í dag. Lions félagar vinna ötullega að málefnum

ungs fólks á mörgum sviðum. Ungt fólk hefur líka þörf fyrir að leggja lið og saman hefur unga fólkið og Lionsfólk lyft Grettistaki í mörgum málaflokkum. Unnið hönd í hönd við að bæta heiminn.

Tökum Leó klúbba til dæmis sem hafa síðan 1957 tryggt ungu fólki bjartari og vonbetri framtíð í þeim byggðalögum þar sem þeir starfa. Hundruð þúsunda ungmenna hafa fengið tækifæri til leiðtogaþjálfunar og til að skilja mikilvægi sjálfbóðalífsstarfa í sínum samfélögum. Stofnun Leóklúbba hefur reynst Lionsfólki besta aðferð til að kynna unga fólkinu þjónustuhlutverk Lionsklúbba og tryggja áframhaldandi störf þess að líknarmálum er veru þeirra í Leóklúbba lýkur.

Þrjú verkefni okkar með ungu fólki hafa öðrum fremur haft bein áhrif á góðvilja og sam-

kennd í heiminum. Unglingaskiptin og unglingsbúðir kenna þátttakendum að bera virðingu fyrir skoðunum og sérstöðu hvers annars. Einnig gildi gagnkvæmrar virðingar og skilnings þegar það hittir eða vinnur með fólki af öðrum kynþáttum eða fólki með ólíkan sögulegan, pólitískan, trúarlegan eða menningarlegan bakgrunn. Friðarvegspjaldakeppnin hefur lengi verið okkar alvinsælasta verkefni með ungu fólki. Á síðustu árum hafa meir en 350.000 ungmenni á aldrinum 11 til 13 ára tekið þátt og tjáð þannig áhyggjur, vonir og væntingar sínar til friðar í heiminum. Gefið einu af megin markmiðum Lions gildi nefnilega þess, „að skapa og fóstura anda skilnings meðal þjóða heims.

Forvarnarverkefnið Lions Quest er enn eitt verkefni Lions með ungu fólki sem nýtur virðingar um allan heim. Síðan það var

sett á fót árið 1984 hefur það breiðst út í kennslustofum 25 landa. Það eflir sjálfstraust ungs fólks og þjálfar samskiptahæfni og tilfinningar þess. Komin eru verkefni fyrir yngstu bekkina, miðstigið og unglina. Nú er verkefnið algjörlega á forræði LCIF og gerir Lionsfólki kleift að starfa með kennurum og uppalendum í skólum að verkefni sem hefur löngu sannað gildi sitt og ber með sér sýn til framtíðar. Starfið ötullega og sem flest að unglina verkefnum og hjálpum þeim að skilja þörfina á samþjálf í sínu samfélagi og hjálpum þeim að teygja sig til annarra ungmenna í öðrum löndum til að tryggja öruggari, heilbrigðari og friðsamari heim til framtíðar.



Ísland – eitt eða tvö umdæmi

Guðmundur Rafnar Valtýsson
fjöllumdæmisstjóri Lkl.
Laugardals



Í haust skipaði fjölumdamisstjórn nefnd til að meta kosti þess og galla að á Íslandi væri eitt eða tvö Lionsumdæmi. Hvatinn að þessari könnun er einkum sá að við viljum að

hreyfingin sé undirbúin ef hún þarf að gera breytingu á því fyrirkomulagi sem nú er. Nefndin skilaði afrakstri vinnu sinnar á fjölumdamisráðsfundi 17. nóv. s.l. og er að nokkru stuðst við álit þeirra í þessari grein en annað kemur frá eigin brjósti.

Það er einkum þrennt sem getur kallað eftir breytingu í eitt umdæmi.

1. Fjöldi Lionsfélaga í hvoru umdæmi er ekki nægur sé tekið mið af þeim mörkum sem alþjóðastjórn setur.
2. Kostnaður við rekstur tveggja umdæma og fjölumdamis er of mikill miðað við fjölda félaga.
3. Á þinginu í Boston í júlí s.l. var samþykkt að til þess að umdæmi gæti boðið fram fulltrúa í alþjóðastjórn þá

yrði fjöldi Lionsfélaga í umdæminu að vera að lágmarki 1250

Allir þessir liðir mundu væntanlega leysast ef við næðum fjöldanum og það má vel vera að okkur takist það á einhverjum árum en meðan svo er ekki þurfum við að bregðast við með einhverjum hætti. Um þessar mundir gerum við ýmislegt til að halda niðri kostnaði þó alltaf megi segja að hægt sé að gera betur í þeim efnum. Sparnaðurinn má þó aldrei ganga svo langt að hann komi niður á nauðsynlegri starfsemi hreyfingarinnar. Eitt svar við þessu er að hækka árgjöldin. Það er aldrei vinsæl ákvörðun en e.t.v. nauðsynleg eins og staðan er í dag.

Kostnaður við rekstur eins umdæmis er umtalsvert lægri en rekstur tveggja umdæma og fjölumdamis. Eitt umdæmi leggur að vísu meira á herðar umdamisstjórans en mundi jafnframt gera aðra stjórnarmenn virkari. Erfitt gæti t.d. verið fyrir hann að heimsækja alla klúbba á starfsárinu og yrðu því aðrir að koma honum til aðstoðar Þetta er auðvitað verkefni sem yrði leyst ef til þess kæmi. Rekstrar-kostnaður skrifstofunnar væri svipaður.

Þá er komið að 3. lið. Samþykkt tillögunnar í Boston var svolítið furðuleg vegna þess að mjög víða eru umdæmin undir fjölda félaga. En þar á móti kemur að alþjóðahreyfingin þarf líka að halda kostnaði niðri svo henni er vorkunn.

Skólarnir þurfa að vera á haustin

Jón Gröndal

umdæmisstjóri 109 B



Nú þegar þetta kemur fyrir augu manna hef ég heimsótt 26 klúbba. Alla klúbba sem lengst er að fara í. Aðeins Vitaðsgjafi fyrir norðan og Önfirðingar fyrir vestan eru eftir norðan Snæfellsnes. Allir klúbbar eru í góðu gengi nema Bolungarvík. Gott hljóð í klúbbunum og all flestir með áform um fjölgun. Þeir fagna því aukna frelsi sem þeim er boðað frá Alþjóðaforseta.

Þessar heimsóknir eru það sem gefur starfi umdæmisstjóra gildi. Maður sér hversu ólíkt innra starf klúbbanna er þrátt fyrir það sem sameinar þá. Það

er ekki síðra að geta fært þeim boðskap sem þeir taka fagnandi.

Hvað vilja klúbbarirnir segja við okkur í forustunni og okkur hér fyrir sunnan. Þegar ég leita að því sem flestir klúbbar eru sammála um ber málefni embættismannaskólanna hæst. 90% klúbba koma að fyrri bragði inn á það að skólarnir þyrftu að vera á haustin. Menn sinni Lionsverkefnum ekki næstu 2-3 mánuði og séu búnir að gleyma mörgu og kannski flestu sem farið var í á námskeiðunum í skólunum. Svæðisstjórnarnir hafa í nokkur ár fengið upprifjun á haustin líka. Meðal annars vegna þess að mætingar svæðisstjóra í sumarskólann hafa verið ærið misjafnar.

Heilagar kýr

Það eru sterk öfl í fjöllum-dæmisráði sem vilja ekki breyta tímasetningu skólanna vegna þess þeir telja að þá muni fólk ekki mæta á fjöllumdæmisþingin. Það ber að virða. Þessi öfl eru þeirrar skoðunar að þingin eins og þau hafa alltaf verið séu heilagar kýr sem ekki megi hreyfa við. Ég er þeirrar skoð-

unar þetta kerfi eigi að brjóta upp. Umdæmisþingin hafa lengi verið metnaðarlausar og dapurlegar samkomur. Aðþrengd í tíma og með enga bitastæða dagskrá. Umdæmisþingin á að fara með um umdæmin. Þau er hægt að halda á mismunandi tímum að vori. Embættismenn fjöllumdæmisins eru flestir hér fyrir sunnan og það eru þeir sem er svo dýrt að senda á 2-3 dagaping. Þeir hafa ekkert hlutverk í umdæmunum. Fjöllumdæmisþingið á að halda á höfuðborgarsvæðinu. Hægt væri að halda í kynningarkvöldið og lokahófið. Lokahófið gæti verið ekta galahátíð sem væri opin öllum sem vildu styrkja hreyfinguna. Flott veisla og dansleikur sem væri dýrt inn á.

Sumir klúbbar eiga eigið húsnæði

Eins og þið vitið á hreyfingin húsnæði í Reykjavík. Þar er skrifstofa sem sér um rekstur hreyfingarinnar umdæma sem og fjöllumdæmis. Þar er líka unnið mikið starf fyrir Medic Alert. Merkin seld og grafin. Einnig er salur sem a.m.k. 8 klúbbar nota til funda og tugir klúbba til að halda margvíslegar

skemmtanir í. Salurinn er leigður út til einstaklinga og er nokkur eftirspurn eftir því. Mikil umræða hefur farið fram og það oft um hvort eða hvernig eigi að selja húsnæðið og kaupa nýtt. Fyrir nokkrum árum var samþykkt á fjöllumdæmisþingi að rukka 500 kr. gjald á ári í framkvæmda- og viðhaldssjóð húsnæðissins. Fyrir þá peninga hefur húsnæðið verið tekið í gegn. Nýtt parket. Ný lýsing og ný húsgögn. Húsnæðið verið málað oflr. Þeir klúbbar sem eiga sitt eigið húsnæði hafa sumir mótmælt þessu gjaldi. Siglfirðingar hafa neitað að greiða það og segja að það sé ekki rétt að þeir borgi til viðhalds húsnæðis í Reykjavík þegar þeir séu í basli með sitt eigið húsnæði. Ég hef samúð með þessu sjónarmiði þó ég sé ekki oft sammála Siglfirðingum. Það er spurning hvort þeir klúbbar sem eiga sitt húsnæði eins og td: Húsvíkingar og Vestmannaeyingar eigi að borga þetta gjald ef þeir þá gera það. Margt fleira væri hægt að ræða en það bíður betri tíma.

Lifið Heil !

Jón Gröndal umdæmisstjóri.óri
109B

Ísland – eitt eða tvö umdæmi frh. af bls. 3

Lionshreyfingin á Íslandi getur ekki til langs tíma sætt sig við að litid sé á hana sem annars flokks hreyfingu og því verðum við að skoða stöðu okkar. Norðurlöndin hafa skipst á fulltrúa í alþjóðastjórn og þegar kemur að okkur að tilnefna fulltrúa næst verðum við að vera undir það búin að taka þeirri áskorun.

Nefndarvinnan og þessi grein er skrifuð til að koma af stað umræðu um stöðu okkar í dag. Vísast eru ekki allir á sama máli um hvernig við eigum að leysa úr þessu og við það er ekkert að athuga. Við þurfum að móta okkar skoðanir á þessu og vera tilbúin að taka afstöðu ef og þegar til þess kemur. Framundan er að vinna úr nefndarálitinu og

taka til umræðu á þingunum í vor.

Hér fylgir með sameiginlegt álit nefndarinnar.

Nefnd um eitt eða tvö umdæmi.

Nefndina skipuðu Jón Bjarni Þorsteinsson, Daníel Þórarinnsson og Magnús Steingrímsson. Nefndarmenn reyndu að meta hver áhrif yrðu af breytingu í eitt umdæmi. Var þar horft til fjárhagslegra áhrifa, félagslegra áhrifa og áhrifa á skipulag hreyfingarinnar.

Fjárhagsleg áhrif.

Sú lauslega könnun, sem nefndin gat gert á áhrifum breytingar í eitt umdæmi bendir til þess að

spara megi 1-1,5 milljón króna á ári í rekstri hreyfingarinnar með því að breyta í eitt umdæmi.

Félagsleg áhrif.

Það er mat nefndarinnar að áhrif okkar erlendis t.d. í NSR og í alþjóðastjórn kunni að minnka ef fjöllumdæminu verður breytt í eitt umdæmi. Óvíst er t.d. hvort við munum halda jafnræði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð varðandi skipun alþjóðastjórnarmanna. Félagssleg áhrif hér innanlands eru frekar talin jákvæð en neikvæð. Eitt umdæmi kann að þjappa Lionsfólki saman, þinghald verður t.d. einfaldara og sömuleiðis embættismannakerfið.

Áhrif á stjórnskipulag

Nefndin bendir á að flest í skipulagi og lögum okkar hentar einu umdæmi jafnvel betur en tveimur. Augljóst er þó að starfsálag umdæmisstjórans mun aukast. Það þarf að létta á einhvern hátt undir með honum. E.t.v. má hugsa sér að hann geti tilnefnt aðstoðarumdæmisstjóra sér við hlið. Starfskrafta varaumdæmisstjórans og fráfarandi umdæmisstjóra má einnig nýta í þessu skyni.

Lokaálit

Almennt líst nefndarmönnum ekki illa á hugmynd um eitt umdæmi í stað tveggja. Nauðsynlegt er þó að afla frekari upplýsinga um áhrifin á norræna samstarfið og önnur erlend samskipti.

Ævintýrið er hafið

Björgúlfur Þorsteinsson
umdæmisstjóri 109 A



Nú er ég búin að heimsækja 19 Lionsklúbba í umdæmi mínu og einn klúbb úr umdæmi 109B. Reyndar sem skemmtikraftur með gítarinn á fjáröflunarkvöldi hjá Lkl. Fold. Einnig vorum við Guðmundur Rafnar Fjöllumdæmisstjóri ásamt eigin konum okkar, gestir á 40 ára afmæli Lkl. Hornafjarðar og var það einstök ferð sem ég segi betur frá seinna. Þetta var þriðja viðkoma mín á Hornafirði í haust.

Við leggjum lið (We serve).

Eftir að hafa náð rétt um hálfleik í heimsóknnum mínum um umdæmið, verð ég að viðurkenna það að ég er heillaður. Þó ég hafi talið mig þekkja hreyfinguna þökkalega vel, kom margt á óvart. Starfið er mun öflugra en ég gerði mér grein fyrir og aðdán mín á Lions hefur hækkað úr; „mikil“, upp í „miklu meira“. Það sem aðallega vakti hrifningu mína var þetta öflugra starf sem minni klúbbar úti á landi eru að vinna að. Ég þekki vel marga af þessum sterku stóru klúbbum, sem eru að vinna öflugt starf og geta deilt verkefnum á marga félaga. Í þannig klúbba hef ég starfað um árabíl. Við megum ekki gleyma því, hvernig það er að vera félagi í fámennum klúbba í fámennu byggðarlagi. Annað sem vakti hrifningu mína, var hvað Lionsfélagar halda sterkt í hefðir og eru snemma með undirbúninginn kláran. Félagatal, nefndir

og verkefnaskipan, eru nánast undantekningalaust á borðinu í byrjun starfsársins. Ég hef starfað í mörgum félagasamtökum þar sem þetta er ekki raunin. Ég held að ég viti ástæðuna. Við erum hluti af stórra hreyfingu sem hefur göfugt markmið. Við þjónum. (We serve).

Þakkið til Íslands.

Það liggur í hlutarins eðli, ef Umdæmisstjóri 109A kemur úr þéttbýlinu fyrir sunnan, að hann þarf að gera sér ferð á Austurland og reyna að ná sem flestum heimsóknnum í einni ferð. Þetta tókst mér með góðri aðstoð; klúbbanna, svæðisstjórans og minni eiginkonu. Ekki má gleyma yfirmanni mínum, Jóhannesi Einarssyni skólameistara Iðnskólans í Hafnarfirði, sem auðveldaði mér þetta mikið. Vil ég þakka öllum fyrir liðlegheitin og hjálpsemina. Þessi ferð, sem tók 9 daga, verður lengi í minnum höfð hjá okkur hjónunum. Við vorum heppin með veður og höfðum tækifæri til þess að sjá Austurland í sérstaklega fallegum búningi. Maður á ekki alltaf erindi, um haust, eða vetur, þarna austur á land. Austurland skryddist sínu fegursta á þeim tíma sem við vorum þarna. Það sama gildir um heimsóknir okkar í Austur-Skaftafellssýslu, önnur eins náttúrufegurð sem við upplifðum á ferðum okkar þar, er einstök. Ekki var kynningin við Lionsfólkið síðri. Frábært fólk sem við sendum okkar bestu kveðjur til. Við teljum þetta vera eitt af okkar skemmtilegustu verkefnum, sem við höfum tekist á við til þessa, í Lions.

Markmið mitt var að klára sem flesta Lionsklúbba á landsbyggðinni fyrir áramót, þó með þeirri ætlan, að geta sett inn á dagskrá mína þá klúbba í þéttbýlinu, sem pössuðu inn á milli í landsbyggðaprógrammið mitt. Þetta tókst betur en ég þorði að vona. Það má nokkurn veginn rigna eldi og brennisteini í vetur,

ef mér á ekki að takast það markmið mitt að heilsa upp á sem flesta Lionsklúbba í umdæminu. Á heimasíðu Lions á Íslandi er að finna hnappa fyrir Umdæmi 109A og 109B. Á þessum síðum má sjá ýmislegt sem við á um hvort umdæmið fyrir sig. Þar er hægt að sjá þá fundi sem ég er þegar bókaður, á næsta ári (2007). Mér þætti vænt um að fá að hitta ykkur sem flest á starfsárinu.



Klúbbaheimsóknir eru hápunktur starfa umdæmisstjóra.

Margar heimsóknir í klúbba koma upp í hugann á þessum tímamótum. Eins og ég hef nefnt áður er heimsókn okkar hjóna austur á land ofarlega í minningunni. Allir Lionsklúbbar sem ég hef fengið tækifæri til að hitta eiga sinn sess í huga mínum. Ég hef reynt að taka myndir á klúbbfundum eða fengið félaga klúbbanna til þess arna. Þetta myndasafn verður okkur hjónunum ómetanlegt innlegg í okkar minningabók um skemmtilegt ár. Ég hvet Lionsfélaga til þess að nota heimasíðu Lions og skoða margt af því efni sem þar er, og ekki síst fréttabréf mitt sem ég reyni að halda úti mánadaglega.

Lionshreyfingin á Íslandi hefur borið gæfu til þess að vera ein heild. Sama hvort við erum í Umdæmi; A eða B. Nú fáum við að finna það frá yfirstjórn Lions,

að okkur hefur fækkað og komin þrýstingur, á það að við skiptum yfir í eitt Umdæmi. Við sem erum svo öflug, svo ég tali ekki um, miðað við þessa margumtöluðu höfðatölu. Hvað eigum við að gera? Auðvitað björgum við þessu fyrir horn. Hvort sem við sættum okkur við það að vera eitt Umdæmi, eða berjumst áfram sem tvö, hef ég ekki miklar áhyggjur. Auðvitað kemur okkur til með að fjölga í framtíðinni. Hvað er göfugra,

fyrir fólk á öllum aldri, en það að vinna í Lions, að betri heimi fyrir okkur öll.

Nú nálgast hátíð ljós og friðar. Jólin eru sá tími sem við hugsum oft til baka og reynum að upplifa eitthvað sem lifir í minningunni. Afi og amma í sínu fínasta þússi á leið til kirkju. Gamla gufan glymur í eldhúsinu með jóla-kveðjur, og angan af hangikjöti fyllir vitin. Hver fjölskylda hefur sínar hefðir og er það einmitt það sem gerir jólahátíðina svona sérstaka. Það er með virðingu og þakklæti sem við hjónin og fjölskylda okkar sendum ykkur öllum, okkar bestu kveðjur, um gleðileg jól og megi nýtt ár, vera ykkur öllum til blessunar.

Björgúlfur Þorsteinsson
Umdæmisstjóri 109A
og fjölskylda.

NSR: Norrænt Lionsþing á Íslandi í janúar 2007

Halldór Kristjánsson

formaður þingnefndar

NSR 2007



Föstudaginn 19. janúar næstkomandi verður þing norræna samstarfsráðsins, NSR, sett á Hótel Loftleiðum. Þingið er haldið til skiptis á Norðurlöndunum og héldum við Íslendingar það síðast árið 2002. Þingið sækja fulltrúar og almennir Lionsfélagar frá öllum Norðurlöndunum. Búist er við að tæplega 200 Lionsfélagar og makar verði hér til að taka þátt í námstefnum, fundum, þing-

haldi og skemmtunum sem í boði eru.

Um leið og svona þing er mikilvægt fyrir norrænt samstarf gefur það íslenskum Lionsfélögum einstakt tækifæri til þess að hitta norræna Lionsfélaga, skemmta sér með þeim og skiptast á skoðunum við þá.

Helstu dagskráratríði

Föstudaginn 19. janúar verður NSR-þingið sett kl. 13:00 við hátíðlega athöfn á Hótel Loftleiðum. Strax að lokinni þingsetningu, kl. 14:00, verður mjög áhugavert erindi sem Gylfi Dalmann flytur um breytingastjórnun. Að loknu erindi hans er kaffihlé og síðan taka við fjórar námstefnur, sem allar hefjast kl. 15:20:

- **Nauðsyn breytinga í Lions og fræðslustarf**, undir stjórn Hrunnar Hjaltadóttur, Lkl. Fold og Halldórs Kristjánssonar, Lkl. Ásbirni
- **Lions Quest**, undir stjórn Aldísar Yngvadóttur, Lkl. Kaldá.

- **Unglingaskipti**, undir stjórn Kristjönu Guðlaugsdóttur, Lkl.
- **Alþjóðasamskipti**, undir stjórn Jóns Bjarna Þorsteinsonar, Lkl. Mosfellsbæjar
- **Campaign Sight First 2**, undir stjórn Kristins Hannessonar Lkl. Mosfellsbæjar

Námstefnurnar fara fram á ensku eða dönsku.

Laugardaginn 20. janúar heldur NSR þingið svo áfram kl. 9:30 og stendur fram til kl. 17:00 með matarhléi kl. 12:00.

Skemmtanir og ferðir

Á föstudagskvöldinu verður kynningarkvöld á Hótel Loftleiðum. Á laugardagskvöld er svo lokahóf þingsins, einnig á Hótel Loftleiðum, þar sem dansinn mun duna fram á nótt án ræðuhalda og formlegheita.

Farnar verða tvær skemmtiferðir, í Bláa lónið á föstudeginum 19. janúar og í Þjóðminjasafnið og Þjóðmenningarhúsið á laugardegnum. Þátttaka í ferðunum

er ekki bundin við maka og eru Lionsfélagar velkomnir. Farið er frá Hótel Loftleiðum báða dagana kl. 13:00.

Aflsláttur af þinggjaldi til íslenskra Lionsfélaga

Til þess að auðvelda íslenskum Lionsfélögum að taka þátt í námstefnum og þinghaldi hefur þingnefndin ákveðið að veita góðan aflslátt frá þinggjaldi til þeirra almennu Lionsfélaga sem þingið vilja sækja. Almennit gjald er 4.100,- krónur en íslenskir Lionsfélagar þurfa ekki að greiða nema 2.000,- krónu þátttökugjald. *Innifalið í því er aðgangur að öllum námstefnum, kaffi báða dagana og aðgangur að þinginu sjálfu á laugardegnum.*

Allar nánari upplýsingar má fá á vefslóðinni www.lions.is/nsr2007/. Hægt er að bóka sig beint frá vefsíðunni eða hringja í Lionsskrifstofuna til að skrá þátttöku.

Styðjum við Verkefnasjóðinn – Okkar hagur

Munum eftir Verkefnasjóði Lionsfjölmudæmis 109. Honum er ætlað að styrkja ýmsa málaflokka sem Lionshreyfingin vinnur að samkvæmt reglugerð sjóðsins. Heimilt er að merkja framlög einstökum málaflokkum t.d. MedicAlert og Sjóvörnd.

Reglugerð sjóðsins:

1. Sjóðurinn heitir Verkefnasjóður Lionsfjölmudæmis 109.
2. Sjóðurinn skal ávaxtaður með bestu kjörum eins og þau eru á hverjum tíma.
3. Markmið sjóðsins er að halda utan um fjármagn til fastra innlendra og alþjóðlegra verkefna Lionsfjölmudæmis 109. Halda skal framlögum vegna verkefna í grein 4 aðgreindum.
4. Umsjónaraðilar með fjármunum sjóðsins eru fjölmudæmisstjórn, gjaldkeri fjölmudæmis, og þeir embættismenn fjölmudæmis sem settir hafa verið yfir viðkomandi málaflokk. Gjaldkeri fjölmudæmisins er í forsvari fyrir umsjónaraðila. Við ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum til verkefna skulu embættismenn Lionshreyfingarinnar gera tillögur til þeirra varðandi:
 - a. Unglingaskipti
 - b. Alþjóðasamskipti
 - c. Menningarmál
 - d. Lions Quest
 - e. Aðra málaflokka sem felldir verða undir sjóðinn, með samþykki fjölmudæmisþings.
5. Umsjónaraðilar sjóðsins skulu vinna samkvæmt samþykktum fjölmudæmisþings. Þeir fjalla um allar tillögur og beiðnir sem sjóðnum berast og afgreiða þær án óþarfa tafa. Einfaldur meirihluti umsjónaraðila ræður hvort af styrkveitingu verður.
6. Í sjóðinn rennur sá hluti umdæmisgjalda sem ætlaður er vegna málaflokka sem upp eru taldir í 4 gr.
7. Viðbótar fjár til sjóðsins skal aflað með frjálsum framlögum frá Lions- eða Lionessklúbbum og með öðrum tiltækum ráðum. Heimilt er að merkja slík framlög einstökum málaflokkum.
8. Reglum þessum verður aðeins breytt eða sjóðurinn lagður

L.C.I.F. Alþjóðahjálparsjóður Lions

Alþjóðarhjálparsjóður Lions-hreyfingarinnar LCIF er sú stofnun okkar sem við erum sannarlega hreykin af enda hefur sjóðurinn í gegnum tíðina veitt fjölda framlaga stórra og smárra til margs konar verkefna, svo sem vegna náttúruhamfara, mannúðarmála, tækjakaupa og byggingar á ýmis konar lækna- og hjúkrunarstöðvum svo eitthvað sé nefnt. Lionsfélagar hér heima hafa verið duglegir að senda framlög til sjóðsins en þó held ég að enn hallist á með að við höfum fengið hærri framlög úr sjóðnum en við höfum sent. Stórverkefni sjóðsins núna er Sjónverndar-átakið Sight-First II og í nýju

fréttabréfi frá Ashok Mehta framkvæmdarstjóra sjóðsins þá hafa Lionsfélagar nú safnað meira en 53 milljónum dollara og meira en 20.000 klúbbar áætla að safna 64 milljónum dollara til verkefnisins á þessu lionsári. Ef þetta markmið næst þá þarf að safna 35 milljónum dollara á lionsárinu 2007-2008 til að ná lágmarksmarkmiðinu 150 milljón dollurum og 85 milljón dollurum þarf að safna á árinu 2007-2008 til að ná takmarki okkar sem er 200 milljón dollarar, þessvegna er skorað á alla klúbba að leggja verkefninu lið. Til dagsins í dag hefur Sight-First fjármagnað sjónverndarverkefni sem hafa

varnað og læknað blindu hjá meira en 100 milljón einstaklingum. En LCIF hefur í fleiru að snúast. Miklu fé hefur verið varið til uppbyggingarstarfs í SA-Asíu vegna flóðanna miklu sem voru þar fyrir tveim árum. Einnig er mikið starf í gangi í suðurríkjum Bandaríkjanna sem urðu harðast úti vegna fellibylsins Catarina fyrir tæpu ári síðan. Megin innkoma LCIF er vegna útnefninga klúbba á Melvin Jones félögum sem er æðsta viðurkenning sem hægt er að veita. Klúbbar gera þetta ýmist með eingreiðslu sem er 1000 dollarar eða safna upp í með smærri upphæðum árlega. Trúlega eyrnamerkja allflestir

klúbbar framlög sín sjónverndarverkefninu meðan það stendur yfir. En við skulum einnig hafa það hugfast að sjóðurinn hefur í mörg önnur horn að líta og þarf alltaf að vera reiðubúinn til hjálpar þegar þörf krefur. Ég vil að lokum einnig benda lionsfélögum á að allt fé sem rennur til LCIF skilar sér til viðtakenda og það er vegna þess að allur stjórnunar og óbeinn kostnaður vegna verkefna er greiddur með vöxtum úr þeim sjóðum sem LCIF ávaxtar fé sitt og af árgjöldum okkar sem nú eru 24\$.

Geir Hauksson LCIF Stjóri

Lions Leiðtogaskólinn

Hörður Sigurjónsson PCC.

Protokol og Þingstjóri

MD 109 Lkl. Njörður



Ágætu Lionsfélagar

Nú er Lionskólinn haldin í sjötta sinn í febrúar n.k. á sama stað í Munaðarnesi í Borgarfirði.

Það er alls ekki sjálf gefið að við fáum að halda hann aftur að ári með styrk frá alþjóðastjórn eins og undanfarin ár.

Það voru mikilmetnir félagar okkar á alþjóðavísu sem fengu því framgengt að styrkur fékkst til að halda þennan frábæra skóla. Frábæra skóla segi ég því að ég tala af eigin reynslu var í skólanum árið sem

ég var vara-umdæmisstjóri. Það er mín skoðun að betri undirbúningur fyrir áframhaldandi lionstarf er vart hægt að fá en í þessum skóla. Frábærir kennarar sem þekkja Lionsstarfið út og inn og kenna allt um starfið á lifandi og skemmtilegan hátt. Stór þáttur í að fara í svona skóla er að þar kynnist maður félögum okkar allsstaðar af landinu og deilir með þeim sama áhugamáli sem er félagsskapurinn LIONS og kynnist af samtölum við þá hvað lionshreyfingin er öflug og er að vinna gott starf út um allt land. Ég vil eindregið mæla með að allir Lionsfélagar sem ekki hafa nú þegar farið í skólann geri það. Það hjálpar ykkur sem ekki hafið farið ennþá að öðlast betri skilning á starfinu og þetta nám nýtist okkur líka mjög vel í daglegu lífi.

Það er okkur í Lionshreyfingunni mjög mikilvægt að geta haldið skólanum áfram með styrk frá alþjóðastjórn til að efla okkar félaga til góðra verka. Til að svo getið verið verðum við að fjölmenna í skólann og halda merki hans á loft.

Ég vil hvetja alla Lionsfélaga sem sem ekki hafa sótt skólann að gera það með því að sækja um til fræðslustjórans Hrundar Hjaltadóttur.

Ég get lofað ykkur því að þið upplifið tvær skemmtilegar og fræðandi helgar í Munaðarnesi.

*Með Lionskveðju
Hörður Sigurjónsson PCC.*



Gestakvöld þriggja klúbba



Meðmælandinn Dollý Nilsen nærir merki í nýjasta félagi Ýr, Hansínu Ástu Björgvinsdóttur.



Einn smellinn sagður í góðra vina hópi.

Fjölgun félaga

Lionsklúbburinn Ýr setti sér þrjú markmið starfsárið 2005-2006. Forgangsverkefni stjórnarinnar var þrjúþætt: Að fjölga félögum, að finna góð fjáröflunarverkefni, að styrkja innra starfið. Fimm nýir félagar voru teknir inn og tveir komu til okkar úr öðrum klúbbum. Á þessu ári hefur einn nýr félagi bæst í hópinn. Með tilkomu nýrra félaga hefur innra starf klúbbsins styrkst. Á síðasta ári gáfum við hjúkrunarþjónustu Karítas dýnur og til Sunnuhlíðar hjúkrunarheimili aldraðra, nýtt hjartalínurit. Að finna góð fjáröflunarverkefni er ekki auðvelt þar sem mörg félög róa á sömu mið. En það mun þó alltaf vera þungamiðja Lionsstarfsins.

Tengsl milli klúbba

Föstudaginn 20. október 2006 héldu þrjú klúbbar sameiginlegan klúbbfund í Lionsheimilinu Lundi í Kópavogi. Það voru Lionsklúbburinn Ýr í Kópavogi, Lionsklúbbur Grindavíkur og Lionsklúbbur Hafnarfjarðar. Gestgjafi að þessu sinni var Lionsklúbburinn Ýr.

Það má segja að Lionsskóli hreyfingarinnar hafi verið upphafið að þessum viðburði. Núverandi formenn þessara klúbba kynntust þar. Það voru þau Erla Stefánsdóttir frá Lions-

klúbbnum Ýr, Gunnar Vilbergs-son frá Lionsklúbba Grindavíkur og Ívar Þórarinnsson frá Lionsklúbba Hafnarfjarðar. Í umræðum þeirra í milli fæddist sú hugmynd að klúbbarnir reyndu að mynda vinatengsl sín á milli sem síðan var framkvæmd fyrirnefndan föstudag. Þar sem eitt af aðalmarkmiðum Lionshreyfingarinnar er að afla fjár til líknarmála var þetta einnig fjáröflunarverkefni. Á þessu ágæta gestakvöldi kom fram vilji klúbbfélagana að halda þessu áfram og er áætlað að hittast næst í Grindavík í febrúar á næsta ári.

Fjölhæfir Lionsmenn

Eins og flestir vita þá eru Lionsmenn og -konur hið fjölhæfasta fólk. Stjórn fundarinnar og skemmtiatriði voru í höndum þeirra sjálfra. Innfalið í hverjum miða voru happdrættis-vinningar sem ritari Ýrar, Dollý Nilsen sá um.

Fundinum stjórnaði Erla Sigurðardóttir, formaður fjáröflunarnefndar. Lesnar voru fundargerðir síðustu funda, flutt minni kvenna og karla, en það gerðu Pétur Gíslason og Guðbjörg Ásgeirsdóttirdóttir frá Lionsklúbba Grindavíkur. Sólveig Helga úr Ýr fór með gamanmál. Erla Stefánsdóttir söngkona og formaður Ýrar söng þrjú þekkt



Heiðurs Lionshjónin Steina og Friðrik.

lög og lék Helgi E Kristjánsson hljóðfæraleikari undir söng hennar, og sá hann einnig um tónlistina undir borðhaldi. Stiginn var dans eftir borðhald og voru Erla og Helgi aftur í því hlutverki að syngja og spila fyrir fólk með fima fætur. Þeim tókst að skapa góða stemmningu meðal gesta og var dansgólfið þéttskipað fram til klukkan eitt eftir miðnætti. Þá skildu leiðir og fór hver til síns heima, léttir í lundu.

Á þessu kvöldi sannaðist hið fornkveðna að „Maður er manns gaman,.. Óhætt er að fullyrða að svona gestakvöld styrkir klúbb-

starfið og treystir vináttubönd milli félaga, sem hlýtur að vera til góðs fyrir Lionshreyfinguna í heild.

Við í Lionsklúbbnum Ýr hlökkum til nýrra endurfunda.

Sólveig Helga Jónasdóttir
Lionsklúbbnum Ýr, Kópavogi



Sykursýki, banvænn sjúkdómur í sókn! Greining, orsök, tíðni

Jón Bjarni Þorsteinsson

læknir, sykursýkisfulltrúi

umdæmis 109 B



Sykursýki er langvinnur sjúkdómur sem er ólæknandi. Með réttri meðhöndlun er hægt að halda aftur af honum og forðast fylgikvilla.

Sykursjúkir geta með skynsemi lifað við góða heilsu og lært að

stjórna meðferðinni sjálfir frá degi til dags, stundum með hjálp heimamælinga á blóðsykri. Hér er um að ræða efnaskiptasjúkdóm sem dregur nafn sitt af auknu sykurmagni í blóði. Diabetes mellitus sem þýða má sem hunangssætt þvagflæði.

Farsótt?

Já segja „margir. Fjöldinn var 80 milljónir 1990, 135 milljónir árið 2000 og sennilega verður hann 333 milljónir árið 2025.

Orsök!

Hún er ekki þekkt að fullu en hér er um óeðlilegt þol gegn verkun insúlíns með skertri insúínsframleiðslu að ræða og tengist ofitu. Líkaminn verður ófær um að stjórna blóðsykri en sykur er eitt af orkuformum sem líkami okkar nýtir sér í dagsins önn. Sykursýki skiptist í tvær tegundir.

Tegund 1

Er þegar briskirtill líkamans hættir að framleiða insúlín eða framleiðir of lítið af því. Sykursýki 1 greinist á hvaða aldri sem er en algengast er að hún greinist hjá börnum og unglíngum.

Tegund 2

Tengist svokölluðu insúlínóþoli þar sem líkaminn nýtir verr það insúlín sem til er. Briskirtillinn bregst við með aukinni framleiðslu og losar meira insúlín en smá saman gefst hann upp og framleiðslan fer dvínandi. Þessi tegund sykursýki leggst aðallega á þá sem komnir eru yfir miðjan aldur en færast nú neðar í aldri. Aðalorsökin er offituvandinn sem fer vaxandi. Auk þess eru sterk erfðafræðileg tengsl, aldur, ofþyngd, hár blóðþrýstingur ofl.

Einkenni sykursýki. Þorsti, tíð þvaglát, þreyta, svengd, og stundum megrun. Auðvelt er að mæla sykurmagnið í blóðinu. Allt Lionsfólk og aðrir eru hvattir til að fara í mælingu á heilsugæslustöð eða næsta apóteki.

Hvers vegna er ég að rita um þetta í Lionsblaðið. Vegna þess að Jón Gröndal umdæmisstjóri í 109 B er með þetta sem eitt meginmarkmið sitt á þessu starfsári og hvetur Lionsklúbbana að halda einn dag (heilsudag) í sínu bæjarfélagi þar sem við Lionsfélagarnir sinnum þessu og bjóðum upp á sykursýkismælingar og samfara því heilsubótargöngu ef unnt er.

Undirritaður er tilbúinn að aðstoða þá sem áhuga hafa á að koma þessu af stað.

Lionsfréttir frá fjölumdæmisstjórn

Samþykkt að senda stjórn verkefnasjóðs beiðni um að hún sendi bréf til klúbba þar sem óskað verði eftir styrk vegna unglíngaskipta. Einnig samþykkt að styrkur fjölumdæmis til unglíngabúða verði kr. 420 þúsund og fjöldi þátttakenda í búðum hér á landi verði 16.

Gerð verði tilraun í 3 mánuði um að létta störfum af Sigríði skrifstofustjóra Lions og fela umdæmisriturum að aðstoða klúbba við frágang mánaðarskýrsla. Sigríður sjái um skrifstofuna að öðru leyti og Medic Alert.

Samþykkt að leggja ofuráherslu á sparnað við útgáfu Lionsblaðsins. Senda blaðið til formanna til dreifingar. Leita eftir tilboðum í prentun o.fl. Jón Gröndal kannar hvort styrkur fæst frá Alþjóðastjórn ef gefin eru út fjögur tölublöð á ári.

Hörður Sigurjónsson, Halldór Kristjánsson og Geir Hauksson skipaðir í nefnd til að endurskoða reglugerð fyrir þinghald Lionshreyfingarinnar. Endurskoðun ljúki fyrir fjölumdæmisráðsfund 18. nóvember.

Samþykkt að fela fræðslustjóra að sjá um að yfirfara eða gera starfslýsingu fyrir embættismenn allra málaflokka fjölumdæmis og umdæma.

Lagt fram uppgjör happadrættis Lionshreyfingarinnar Innkomið

kr. 402.000.- gjöld, vinningar o.fl. kr. 156.711.- Til ráðstöfunar kr. 245.289.- Tvær umsóknir um styrk hafa borist. Frá Lkl. Skagastrandar og Lkl. Patreksfjarðar. Samþykkt að styrkja hvorn klúbb fyrir sig með kr. 70.000.- sjötuþúsund. Ákveðið að halda áfram með happadrættið.

Samþ. að stjórn Hjálparsjóðsins taki ákvörðun um verðgildi viðurkenningarskjals og penings. Til leiðbeiningar mætti athuga hvort peningur eigi að kosta 1000.- dollara eins og Melvin Jones skjöldurinn. Hönnun verði greidd úr Verkefnasjóði og framleiðsla úr Hjálparsjóði. Samþ. að formaður Hjálpar- og Verkefnasjóðs sitji fjölumdæmisráðsfundi.

Fjölumdæmisstjórn fer þess á leit við nefndina sem kannaði kosti og galla þess að á Íslandi væri eitt eða tvö umdæmi, þá Jón Bjarna Þorsteinsson, Magnús Steingrímsson og Daníel Þórarinnsson að þeir vinni málið áfram til kynningar á umdæmisþingum í vor.

Samþykkt að fara þess á leit við Jón Bjarna Þorsteinsson að hann verði þingforseti fjölumdæmisþings í Ólafsvík.

Samþykkt að halda samfund í Reykjavík í janúar og á Sauðárkróki í apríl.

Tónlistarveisla í Grafarvogskirkju

Fimmtudaginn 9.nóvember hélt Lionsklúbburinn Fjörgyn fjórðu stórtónleika sína til styrktar BUGL. Ólafur Guðmundsson yfirlæknir á BUGL segir þá mikilvægt ljós í haust skammdeginu. Að venju var húsfyllir og komust færri að en vildu. Þó að úti væri hávaðarok og beljandi rigning þá létu tónleikagestir það ekki á sig fá, þeir sátu inni í hlýrri og notalegri kirkju og hlustuðu á fjölda listamanna sem skemmtu áheyrendum með frábærum tónlistarflutningi.

Tónleikarnir hófust með kröftugum söng Karla-kórsins Stefni undir stjórn Atla Guðlaugssonar. Einsöngvari með kórnum var Bjarni Atlason. Næst komu Páll Óskar og Monika sem fluttu nokkur hugljúf lög. Bergþór Pálsson hreif síðan áheyrendur með sinni fögru rödd. Magga Stína söng seiðandi röddu um filahirðinn við undirleik smáhljómsveitar sinnar. Hljóm-sveitin Bardukha spilaði sín sérstöku og skemmtilegu lög. Hinn síungi Raggi Bjarna var í svaka stuði og hreif áheyrendur með sér við undirleik Þorgeirs Ástvaldssonar. Leyninúmer kvöldsins var Vilhjálmur Vilhjálms-son, borgarstjóri sem söng dúett með Ragga Bjarna og var mikið klappað fyrir þeim. Hörður Torfason söng sig inn í hjörtu áheyrenda af sinni alkunnu snilld.

Unun var að hlusta á Þórunni og Ingu Lárusdætur og Helga Björnsson sem fluttu m.a. frumsamið lag tileinkað BUGL. Að vanda snerti Ellen Kristjánsdóttir við áheyrendum með sínum ljúfa flutningi við undirleik Eyþórs Gunnarssonar. Jóhann Friðgeir Valdimarsson er enn einn snillingurinn sem þandi raddböndin þetta kvöld við góðar undirtektir áheyrenda. Með honum sungu Voces Masculorum og eru þar snillingar á



Magni ásamt Karla-kórnum Stefni.

ferð. Eins tók Jóhann Friðgeir dúett með Stefáni Hilmarssyni við mikla hrifningu áheyrenda. Stefán Hilmarsson söng einnig með Eyjólfri Kristjánssyni. Hinn eini sanni Magni tók síðan lagið og var hann hreint magnaður. Einnig söng hann með Karla-kórnum Stefni og í lokalagi kvöldsins tóku allir flytjendur, sem voru á staðnum, lagið saman við mikinn fögnuð. Aðal undirleikari kvöldsins var Hörður Bragason sem lék við hvern sinn fingur.

Kynnir tónleikanna var Logi Bergmann Eiðsson sem stjórnaði kvöldinu eins og honum einum er lagið. Undir hans stjórn rann dagskráin ljúft áfram og alltaf var jafn spennandi að heyra hverjir væru næstir á dagskránni. Tónleikarnir voru sannkölluð tónlistaveisla. Allur ágóði af tónleikunum rennur til Barna- og unglíngageðdeildar LSH (BUGL) og gáfu allir flytjendur sitt framlag til tónleikanna. Margir þeirra hafa verið með okkur áður og þó

nokkuð margir hafa verið með frá upphafi. Eiga þeir allir miklar þakkir skyldar. Fyrir hönd Lionsklúbbsins Fjörgyn viljum við þakka fyrir stuðninginn, öllum sem lögðu hönd á plóginn með okkur, tónleikagestum, tónlistarflytjendum og öðrum sem tóku þátt í tónleikunum. Þeir svo sannarlega hjálpuðu okkur að leggja öðrum lið.

*Þór Steinarsson, formaður
tónleikanefndar og
Einar Þórðarson, formaður*

MERL námskeið í Bournemouth í Englandi í október 2006

Pálmi Hannesson

útbreiðslustjóri



gott efni er varðar félagamál og Lions almennt. Kennsluefni allt var mjög gott og kennarar frábærir. Allt gott og mjög reynslumikið fólk. Vil ég sérstaklega geta þess að Guðrún B. Yngvadóttir kenndi á þessu námskeiði og var ég mjög stoltur af því að þessi frábæra Lionskona skuli vera valin til að kenna. En eins og flestir vita þá hefur Guðrún kennt á námskeiðum hjá Lions út um allan heim undanfarin ár. Vil ég þakka henni fyrir frábæra kennslu.

Dagana 14. til 17. október síðastliðinn var haldið í Bournemouth í Englandi námskeið fyrir þá embættismenn sem tilheyra hinum svokallaða MERL hóp (útbreiðslustjóri, félagastjóri, fræðslustjóri og félaganefndarstjóri). Að þessu sinni fór aðeins útbreiðslustjóri á þetta námskeið frá okkur. Þetta námskeið er haldið á þriggja ára fresti og þá í tengslum við Evrópuþingið, en það var haldið helgina á eftir á sama stað. Ég tel það mjög mikilvægt fyrir okkur að senda fólk á þessi námskeið. Það er farið yfir mjög

Einn stærsti kosturinn við að sækja svona námskeið er að hitta Lionsfélaga frá öðrum löndum og heyra hvað þeir eru að gera í sínum málum. Fjöldinn á þessu námskeiði var um 40 manns sem síðan var skipt upp í tvo hópa. Í mínum hóp voru félagar frá Finnlandi, Spáni, Portúgal, Ítalíu, Pólandi, Tyrklandi og Ísrael. Frá Pólandi voru 4 félagar og var mikill áhugi hjá þeim um að stofna pólska klúbba hjá okkur, þeir eru tilbúnir til að senda okkur öll þau gögn sem þeir eiga á Pólsku og hjálpa okkur eins og



Pálmi ásamt kennurunum Howard Lee PID og Jörn Andersen PID.

hægt er, tel ég að þetta sé hlutur sem við þurfum að skoða mjög vel.

Það kom fram á þessu námskeiði að það eru sömu vandamálin hjá okkur eins og hjá hinum þjóðunum. Þeir eru að missa of mikið af félögum úr klúbbunum. Það er eitthvað sem við þurfum að taka á og finna hvað veldur. Er kannski svona leiðinlegt á fundunum hjá okkur? Hugsum við ekki nógu vel um félagar okkar, gömlu félagana eða ekki

hvað síst þá nýju? Erum við með of stór og tímafrek verkefni þar sem það er orðin hálfgerð kvöð fyrir félagana að mæta á fundina?

Gerum fundina skemmtilega og pössum okkur á að kaffæra okkur ekki í einhverjum þungum verkefnum. Við erum í Lions til að eignast góða félagar og vini, þroskast og hafa gaman af því sem við erum að gera.

Grafarvogsdagurinn 9. september

Lionsklúbburinn Fjörgyn tók þátt í Grafarvogsdeginum 9. september s.l. í Borgarholts-skóla og kynnti starf klúbbsins. Grafarvogsdagurinn er árleg hverfishátíð Grafarvogsbúa, haldin af Reykjavíkurborg þar sem hinum ýmsu aðilum og félagasamtökum er boðið að kynna starf sitt í hverfinu. Klúbbfélagar Fjörgynjar dreifðu kynningarbæklingi um klúbbinn, Lífsleiknidisknum, Lionspennum og Lionsblaðinu og voru undirtektir bara nokkuð góðar. Meðal þeirra sem heim sóttu kynningarhorn klúbbsins voru borgarstjórinn og frú. Deildi klúbburinn kennslustofu

með Grafarvogskirkju og Soroptimista dömum og fór bara vel á með þeim.



Á myndinni eru vaskir sveinar; Guðmundur Helgi, Andrés Ásmunds, Hreinn, Einar Þórðar og Gísli. Gunnlaugur er bak við myndavélina.

Á þessari mynd er stjórn klúbbsins ásamt borgarstjóra og frú.

Íslenskur þátttakandi í þverflautukeppni á Evrópuþinginu í Bornemouth



Melkorka Ólafsdóttir

Samhliða Evrópuþingi Lions í Bournemouth í Englandi 19. til 21. október var haldin þverflautukeppni. Fyrri daginn léku allir keppendur 20 talsins sama verkið en síðari daginn léku keppendur verk að eigin vali. Þeir sex sem komust í úrslit léku svo á lokatónleikum þar sem dómarrar völdu þrjá þá

efstu. Lionshreyfingin á Íslandi sendi fulltrúa í þessa keppni, Melkorku Ólafsdóttur. Undirritaður átti þess kost að hlusta á nokkra keppendur og þar á meðal þann íslenska. Var ljóst að þarna voru frábærir flautuleikarar og keppnin því afar hörð. Okkar stúlka komst í sex manna úrslit og stóð sig vel þó ekki ynni hún til verðlauna. Lionshreyfingin getur verið stolt af þessum fulltrúa sínum og fylgja hér með upplýsingar um hana og helstu afrek.

Guðmundur Valtýsson

Melkorka Ólafsdóttir fæddist árið 1981. Hún lærði á flautu í Tónskóla Sigursveins, Tónlistarskóla Reykjavíkur og Lista-háskóla Íslands. Hún lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í febrúar 2004 og hlaut hvatningaverðlaun Halldórs Hansens sama ár.

Melkorka kláraði B.Mus gráðu frá LHÍ vorið 2004 þar sem Bernharður S. Wilkinson var hennar aðalkennari. Hún kláraði aðra B.Mus gráðu frá Konunglega Konservatoríinu í Haag

vorið 2005 en kennari hennar þar var Emily Beynon, fyrsti flautuleikari Concertgebouw hljómsveitarinnar. Vorið 2006 kláraði Melkorka Mastersgráðu með ágætiseinkunn frá Konservatoríinu í Amsterdam þar sem aðalkennari hennar var Harrie Starreveld.

Frá haustinu 2005 hefur hún stundað nám hjá Patrick Gallois í París. Vorið 2006 kláraði hún þar Premier Prix próf „avec felicitation„ (með heiðursverðlaunum/hæst í sínum bekk). Frá september 2006 stundar Melkorka framhaldsnám í svokölluðu „Postgraduate Orchestral Training Program„ við Guildhall School of Music and Drama í London. Eftir inntöku í skólann hlaut hún James Galway verðlaunin sem veitt eru einum flautuleikari í skólanum á ári.

Melkorka hefur sótt fjölda námskeiða innan lands sem utan: hjá William Bennett, Peter Loyd, Jeanne Baxtresser, Michel Debost, Robert Dick, Patriciu Morris, Peter-Lucas Graf,

Wissam Boustany ofl. Hún hefur leikið með ýmsum hljóðfærahópum, þ.á.m. í hljómsveitum tónlistarskólanna á Íslandi og í nemendahljómsveit Konservatorísins í Amsterdam undir stjórn Frans Bruggen, Lucas Vis og Ed Spanjaard. Auk þess hefur hún leikið í nemendahljómsveit Guildhall skólans og tekið þátt í æfingum hjá London Philharmonic Orchestra og London Symphony Orchestra.

Melkorka hefur einnig leikið með Orkester Norden, Nieuw Ensemble, The Barton Workshop, í Hollensku Óperunni og í Concertgebouw hljómsveitinni. Hún hefur síðastliðin tvö ár verið beðin fyrir nauðsynleg bassafautustörf í Rotterdam Fílharmóníunni, auk Concertgebouw hljómsveitarinnar. Melkorka er fyrsti flautuleikari kammersveitarinnar Ísafoldar og hefur sinnt afleysingastörfum í Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Minning †

Minning – Jens Willy Ísleifsson

Jens Willy Ísleifsson, félagi í Lkl.Fjörgyn, er látinn. Ég man þegar hann byrjaði í klúbbum. Hann var rólegur, fáorður og hafði sig ekki mikið í frammi, en mætti vel og fylgdist vel með. Hann þurfti sinn tíma til að kynnast okkur félögunum, en að ganga í Lionsklúbbinn var greinilega eitthvað sem hann langaði að gera, og lét verða af því.

Hann var traustur félagi og bóngóður. Þegar Jens sagði já þá þýddi það já. Ég held að

hann hafi tekið þátt í flestum þeim verkefnum sem klúbburinn hefur unnið að frá því hann gekk til liðs við klúbbinn.

Eftir þátttöku í ræðunámsskeiði bauð hann sig fram sem ritara og stóð sig með þryði í því embætti. Það hefur örugglega þurfti kjark og áráði hjá honum en hann sýndi að þegar hann var búinn að taka stefuna á ákveðið takmark þá náði hann því þó það tæki tíma. Hann var þolinmóður en staðfastur. Hann gegndi mörgum embættum innan klúbbsins auk ritarastarfsins, m.a. var hann ljósmyndari klúbbsins,

aðstoðaði við söguskráningu og var stallari oftast en einu sinni.

Aldrei þessu vant þá héldum við fund í ágúst s.l., tveim dögum fyrir sviplegt fráfall hans. Fyrst var mætt í salinn okkar í Grafarvogskirkju og hann gerður klár fyrir veturinn. Síðan var haldinn fundur á veröndinni hjá einum félagi okkar. Þar var farið í heitan pott eftir fund. Jens naut sín þetta kvöld og var með þeim síðustu heim. Ekki óraði okkur fyrir því að við værum að kveðja hann í síðasta sinn, en enginn veit sína ævi.

Fjörtú og sjö ár er ekki langur tími en honum hefur örugglega verið ætlað stærra hlutverk á æðri stöðum. Fyrir hönd félaganna vil ég þakka Jens fyrir gott starf og samstarf innan Lionshreyfingarinnar. Við kveðjum með söknuði góðan dreng og féлага, og munum minnast hans um alla framtíð. Foreldurm hans og fjölskyldu vottum við okkar dýpstu samúðar.

*Einar Þórðarson, formaður
Lkl. Fjörgyn.*

MedicAlert á Íslandi 20 ára.

Þessi grein er skrifuð til þess að minna á í stuttu máli að fyrir 20 árum stofnuðu Lionsmenn MedicAlert á Íslandi, sem hefur alla tíð verið rekið undir verndarvæng íslensku Lionshreyfingarinnar með þátttöku ýmissa sjúklingafélaga. Aðdraganda að stofnun og sögu MedicAlert verða síðar gerð nánari skil.

Starfsemin

MedicAlert eru alþjóðleg öryggissamtök er veita upplýsingar um meðlimi á neyðarstundu. Á Íslandi eru yfir 4000 meðlimir í samtökunum, en höfuðstöðvarnar í Californíu þjóna milljónum meðlima í yfir 50 löndum.

Um er að ræða a) merki úr stáli (nokkrar aðrar gerðir fást) og plastspjald með ákveðnum upplýsingum auk tölvuskrár. Merkið er borið í keðju um háls eða um úlnlið, b) plastspjald í kreditkortastærð, sem er með fyllri upplýsingum, og má hafa það í veski og c) loks er tölvuskrá, sem er í vörslu slysadeildar Landspítala háskólasjúkrahúss, en þar er sólarhrings vaktþjónusta fyrir MedicAlert. Á skránni eru fyllstar upplýsingar.

Á merkið eru skráð 3 atriði: 1) Símanúmer vaktstöðvar á Íslandi, sem hringja má í allstaðar úr heiminum án endurgjalds. 2) Sjúkdómsgreining eða upplýsingar um viðkomandi og loks 3) persónunúmer, sem veitir aðgang að fylstum upplýsingum á tölvuskrá Slysadeildarinnar.

Læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraflutningamenn, lögregluþjónar og aðrir sem koma að sjúklingi í neyð geta með aðstoð MedicAlert fengið lífsnauðsynlegar upplýsingar á svipstundu, sem geta gert útslagið um gang mála í meðferðinni. Dæmi um ástand sem skapast getur þar sem viðkomandi getur enga grein gert fyrir sér: Flogaveiki, hjartasjúkdómur, sykursýki, blæðingarsjúkdómur, ofnæmi, astma og Alzheimer. Merkið sjálft gefur strax ákveðnar upplýsingar, en svo er hægt að hringja í símanúmerið á merkinu og fá mun nánari upplýsingar af tölvuskránni.

Umsóknareyðublöð liggja frammi í flestum apótekum og heilsugæslustöðvum, en eru einnig á www.medicalert.is. Aðild að MedicAlert er greidd

með 4000 kr. ævigjaldi (merki og spjald innifalið). Auka merki kosta 2000 kr. og auka spjald 500 kr.

Reksturinn

Lionsskrifstofan hefur frá upphafi séð um afgreiðslu merkja með aðstoð Lionsmanna, sem hafa tekið starfið sem Lionsverkefni. Þrátt fyrir það hefur komið í ljós að rekstur MedicAlertverkefnisins hefur kostað meira og meira eftir því sem áin líða og fjöldi merkisbera hefur aukist. Um tíma var ráðinn sérstakur ritari á Lionsskrifstofuna sem starfaði nánast eingöngu við það verkefni. Inntökugjald er kr. 3.500. Þann 1. október s.l. var sett á árgjald, kr. 1500 til þess að ná tökum á rekstrarvandanum. Það gildir þó ekki fyrir þá 4000 sem þegar eru í samtökunum nema þeir óski svo. Þannig verða sáralitlar tekjur að ári, þar eð þeir einir borga árgjald sem bættust við eftir 1. okt. 2006 eða um 50-60 manns til áramóta. Síðan hækka tekjur af árgjöldum ár frá ári.

Fjárstyrkir

Nokkrir Lionsklúbbar hafa lagt fé til styrktar rekstrinum og kunnum við þeim bestu þakkir



fyrir. Það er þó enn svo að okkur vantar rekstrarfé og því væri æskilegt að þeir Lionsklúbbar, sem eru aflögufærir, legðu fram styrki á reikning MedicAlert nr. 1163-26-031889 en kennitalan er 48.03.90-2889

Magnús B. Einarson, læknir, formaður MedicAlert á Íslandi.

*Óskum öllum
viðskiptavinum okkar
gledilegra jóla og farsældar
á komandi ári.*

Samkaup



Rauðufjaðrar bílarnir sem gefnir voru Rjóðrinu og Skammtímavistun á Akureyri eru vel nýttir, sjá grein í næsta blaði.





Félagagæsla í Lionsklúbbum

Valgerður Baldursdóttir

Félaga / Félaganefndarfulltrúi í umdæmisstjórn 109 B



Það geta legið ýmsar ástæður að baki því að nýjrir félagar vilji ganga til liðs við Lionshreyfinguna. T.d. félagslegar, að vilja láta gott af sér leiða, eða þörf fyrir vináttu og félagsskap. Nauðsynlegt er fyrir nýja féлага að kynna sér vel innra starf klúbbsins með því að geta komið á nokkra fundi áður en gengið er í klúbbinn. Lionsklúbburinn verður að sjá til þess að félagsfundirnir séu vel skipulagðir og skemmtilegir.

Félagagæslan

Eftir inngöngu má segja að félagagæslan hefjist fyrir alvöru, t.d. sá sem kemur með viðkomandi féлага í klúbbinn fylgist með hvernig honum líður á

fundum og að hann fái verkefni við hæfi.

Meðmælandi verður að fylgja vel eftir hinum tilvonandi nýja féлага sem boðaður hefur verið sem gestur á félagsfund.

Í hópvinnu þurfa að vera mismunandi einstaklingar sem hafa jafnvel ólíkar hugmyndir og hæfileika. Einn bætir annan upp og saman verður þetta sterkur og góður hópur sem skilar árangri.

Félagarnir í klúbbnum þurfa alltaf að finna að þeir séu mikilvægur hlekkur í klúbbstarfinu og það þarf að muna að *hrósa þeim fyrir vel unnin störf.*

Í öllum Lionsklúbbum í dag er nauðsynlegt að leggja áherslu á innra starf, svo sem skemmtun, fræðslu, ferðalög, útvist og heimsóknir til annarra klúbba. Lionshreyfingin hefur uppá fjölmörg námskeið að bjóða (lions.is). Tilvalið er að hvetja félagana til að sækja eitthvað af þeim, sér til eflingar og til að öðlast sem besta sýn á hreyfinguna í heild.

Í 6. grein siðareglna Lions segir: „Gerðu vináttu að markmiði en ekki leið að marki„.

Félagar í Lionsklúbbi með vináttu og samheldni að leiðarljósi er traustur klúbbur og er því nauðsynlegt að efla kynni klúbbfélaga, sem þekkjast kannski ekki mikið í byrjun. Það má gera með ýmsu móti:

- Að sömu félagar sitji ekki alltaf saman.
- Að víxla félögum í nefndum.
- Að vera með hugmynda-banka.
- Að setja féлага sem lítið þekkjast saman í nefnd svo þeir kynnist betur.
- Í góðum Lionsklúbbi þarf að vera hægt að fá góðan stuðning og uppörvun ef erfiðleikar gera vart við sig hjá félögum okkar í þeirra persónulífi.

En eitt verðum við alltaf að hafa í huga: Lions er sjálfboda-liðahreyfing og félaginn tekur þar þátt af eigin hvötum, ekki af því að einhver hafi sagt honum að gera það.

Treystum félögum okkar fyrir þeim verkefnum sem við höfum lagt í hendur þeirra og munum alltaf að mikilvægt er að hlusta á, hvað hver og einn félagi hefur að leggja til málanna í Lionshreyfingunni.

DÆMISAGA

Lionsfélagi er að hugsa um að hætta í hreyfingunni eftir 20 ára starf.

Hver skyldi vera ástæðan?

Lionsfélagi er að því kominn að hætta í hreyfingunni eftir 20 ára starf í Lions. Hann er 55 ára gamall búin að vera mjög virkur í Lionshreyfingunni á Selfossi. Hann hefur meðal annars verið formaður, gjaldkeri, ritari og hefur verið mjög virkur á öðrum sviðum. Hann er látin gegn vilja sínum selja auglýsingar sem hann getur ekki hugsað sér að framkvæma. Þess vegna hefur hann ekki mætt á síðustu þrjá Lionsfundi og svarar ekki í símanum að hans nefndarformaður er að hringja þetta má ekki eiga sér stað. Það verður að velja eftir getu og vilja. Ef til vill eru einhverjir sem hafa gaman af að selja auglýsingar. Þeir gera það og sleppa þessum féлага við þetta starf. Eins og hann orðar það „þeir sem eru haltir geta ekki gengið í hús og heyrnar-daufir þurfa ekki að selja en ég sem haldinn er kvíða vegna þessa verkefnis fæ ekki að sleppa.“

Það má svo sannarlega opna umræðu um svona málefni sem að vissulega eru til dæmi um.

Stjórnun og forysta frh. af bls.

Þjálfar þá í leiðtogafræðum, kennslufræði og skipulagningu. Þess vegna býður Lions nú upp líka upp á Kennaraskóla Lions.

Kennaraskóli Lions

Kennaraskóli Lions (Faculty Development Institute) var haldinn í Búdapest í maí s.l. Það var fyrsti skóli sinnar tegundar og átti að vera stefnumótandi fyrir kennaraskóla Lions og var fyrir þá sem skipuleggja fræðslu og þjálfar kennara í Lions hver í sínu landi. Undirrituð sat skólann. Það var spennandi að taka þátt í stefnumótuninni, læra margt nýtt,

fá ný verkfæri til kennslu og skipulagningar fræðslu, einnig að hitta „kollega“ víða úr Evrópu. Megin áhersla var lögð á full-orðinsfræðslu þ.e. kenna full-orðnu fólki sem hefur miklar væntingar, gerir miklar kröfur, en hefur mismunandi bakgrunn. Kennaraskóli Lions gegir mikilvægu hlutverki við að auka leiðtogafræðsluna og að innleiða breytingar fræðsludeildar LCI á alþjóðaskrifstofu Lions. Næsti „Kennaraskóli Lions“ í Evrópu verður í Krakow í Póllandi í maí 2007.

Veigamiklar breytingar

„Leiðtogaskólar fyrir reynda féлага“ munu verða árlega með svipuðu sniði og hingað til. Í Evrópu eru þeir í tengslum við Evrópu-Forum, en aukamarkmið með skólum fyrir reynda féлага, er að styrkja tengslanet þeirra sem eru tilbúnir til að axla meiri ábyrgð fyrir hreyfinguna, einkum starf umdæmisstjóra. Aukin áhersla verður á „Leiðtogaskóla heima fyrir“ (Regional) einkum fyrir nýliða. Ákveðið hefur verið að leggja niður „Leiðtogaskóla fyrir nýja féлага“ sem hafa verið haldnir árlega í hverri álfu.

Fjárfesting til framtíðar

Markmið okkar er að styrkja félagana og þannig að styrkja klúbbinn innan frá, þ.e.a.s. grasrótina. Við erum að sjálfsögðu að byggja upp leiðtoga til forystu í Lionshreyfingunni allri. Þetta eru ekki nein töfrabrogð sem skila skyndilausnum. Þetta er þjálfun og þróun, sem tekur tíma en skilar raunverulegum árangri til lengri tíma. Leiðtogaskóli á Íslandi fyrir nýja og reynda féлага verður í Munaðarnesi helgarnar 3.-4. feb. og 10.-11. mars.

50 ára afmælisfagnaður Lionsklúbbs Hafnarfjarðar

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar fagnaði 50. ára afmæli sínu þann 14. apríl sl. en hann er einn hinna þriggja aprílkúbba sem stofnaðir voru í þeim mánuði, fyrir fimmtíu árum, en hinir klúbbarnir eru Lionsklúbbur Akraness og Lionsklúbbur Keflavíkur.

Það var glatt á hjalla í Hauka-húsinu þann 4. febrúar, þegar klúbbarnir héldu sameiginlega uppá þessi merku tímamót ásamt móðurklúbbi sínum, Lionsklúbbum Þór í Reykjavík, eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.

Félagarnir í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar minntust þessara tíma-móta sérstaklega með útgáfu á fjórtíu síðna Afmælisblaði, þar sem rakin er saga klúbbsins í máli og myndum. Blað þetta var borið út af félögunum í öll hús í Hafnarfirði og auk þess var öllum klúbbum á síðasta Lionsþingi afhent eintak. Þá fóru klúbbfélagar feikna skemmtilega ferð til Prag um síðustu páska-helgi.

Á þessum tímamótum eru rétt fimmtíu ár liðin síðan Lionshreyfingin festi rætur sínar í Hafnarfirði, þegar Lionsklúbbur Hafnarfjarðar tók til starfa. Helstu hvatamenn að stofnun klúbbsins voru þeir Axel Kristjánsson, forstjóri í Raftækja-verksmiðjunni Rafha, og Albert Guðmundsson knattspyrnu-kappi, sem á þeim árum var að vinna mikið og gott starf við að byggja upp öflugt og sameinað knattspyrnulið í bænum.

Hinn nýi klúbbur varð fljótt bæði öflugur og styrk stoð innan Lionshreyfingarinnar og hafði góð áhrif í bænum við að efla félagsanda og vinna að margvís legum líknarmálum.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar hefur náð mjög góðum árangri í þeim verkefnum sem hann hefur tekið sér fyrir hendur. Það er ekki síst vegna þróttmikils starfs klúbbfélaga og góðs stuðnings íbúa Hafnarfjarðar, að tekist hefur að fjármagna aðkallandi verkefni liðinna ára. Með árlegri sölu Gaflarans, barmmerkis okkar, styrkjum við ýmis félagasamtök og stofnanir, sem leitað hafa til okkar um fjárstuðning. Sala á merkinu er okkar eina fjáröflun síðan árið 1999. Á árunum á undan var gengið í hús og seldur jólapappír og ljósaperur, auk annarra fjáraflana áranna á unda.

Samtals hafa 213 félagar gengið í klúbbinn frá stofnun hans. Nú eru klúbbfélagar 35 auk Gaflarans, sem tekinn var í klúbbinn á ferðalagi árið 1994, í vorferð um Njáluslóðir.

Klúbbfélagar hafa á þessum 50 árum gengt hinum ýmsu störfum innan Lionshreyfingarinnar, hér heima og erlendis, þeir hafa tekið að sér yfir sjötíu störf á vegum umdæmis 109. Frá klúbbum hafa komið tveir fjöllumdæmisstjórar, þrír umdæmisstjórar og sá fjórði, Björgúlfur Þorsteinsson er núverandi umdæmisstjóri í umdæmi 109 A.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar hefur tekið þátt í að stofna átta Lionsklúbba, þar af einn í Póllandi, tilnefnt 26 féлага sína sem Melvin Jones féлага og þar með stutt dyggilega við bakið á sjónverndarátaki Lions og hlýtt kalli konunnar sem gaf okkur nafnið „Riddarar hinna blindu„

*Friðgeir H. Guðmundsson
Síðameistari Lkl. Hafnarfjarðar.*



Fjöllumdæmisstjóri ásamt formönnum apríl klúbba svo kölluðu og móðurklúbbi þeirra Lkl. Þórs.



Björgúlfur Þorsteinsson varaumdæmisstjóri og umdæmisstjóri 109 B ásamt formönnum klúbba.

Leiðtogaskólinn lifi!

Ég get svo sannarlega mælt með Leiðtogaskólanum í Munaðarnesi.

Ég var formaður í klúbbum mínum veturinn 2005-6 og ákvað að drífa mig í skólann og sé sko sannarlega ekki eftir því. Það styrkti mig mikið í starfi og hjálpaði mikið upp á sjálfstraustið. Kennarar frábærir allir sem einn og aðstaða í Munaðarnesi til



fyrirmyndar og gaman að vera með í góðum hóp tvær skemmtilegar helgar,

*Rannveig Ingvarsdóttir
formaður Lionsklúbbum
Fold 2005-2006*

Stjórnun og forysta aukin áhersla á leiðtogafræðsluna

Guðrún Yngvadóttir PLDC

(fyrrv. fræðslustjóri, 1996-2003)



Námskeið Lions um stjórnun og forystu hafa skilað áþreifanlegum árangri. Alþjóðastjórn boðar nýjar áherslur og nýtt námsframboð. Til þess þarf að fjölga kennurum, í „kennarskóla Lions“.

Nýjar áherslur

Lions hefur síðastliðinn áratug boðið upp á fjölbreytt námskeið um hlutverk stjórnenda og forystu. Það eru fleiri en Lions sem hafa áhuga á þessum fræðum, þetta svið stjórnunarfræða

hefur vaxið hvað mest í háskólum, bæði í grunn- og endurmenntun. Þess vegna kynnir Lionshreyfingin nú nýjar og auknar áherslur í leiðtogafræðslu.

Leiðtogaskólar í öllum heimsálfum

Leiðtogaskóli Lions er 4-5 daga stífur skóli, með röð námskeiða í leiðtogafræðunum. Skólarnir hafa verið tveir á ári í hverri heimsálfu. Annar fyrir nýja félaga (Emerging) sem hafa verið minna en 8 ár í hreyfingunni og hafa ekki gegnt embættum og hinn er fyrir reynda félaga (Senior) sem hafa verið meira en 8 ár og mega hafa gegnt öllum embættum nema umdæmisstjóra. Þessir leiðtogaskólar hafa fjölpjódlegt yfirbragð, þar sem þátttakendur koma frá mörgum löndum eða menningarsvæðum og tala mismunandi tungumál. Aðal tungumál leiðtogaskólanna í Evrópu er enska og meirihluti nemenda og kennara eru því ekki að tala sitt móðurmál. Undirrituð hefur verið kennari í flestum leiðtogaskólum í Evrópu síðan 1998.

Leiðtogaskólar Lions heima

Auk þessara skóla eru Leiðtogaskólar heima“ (Regional Lions Leadership Institute). Þeir eru heima í umdæmi eða landi og er kennt á móðurmálinu, sem er kostur. Annar kostur er minni ferðakostnaður og styttri ferðatími bæði nemenda og kennara. Á Íslandi hafa verið leiðtogaskólar síðan árið 2000, alls sex sinnum og sá sjöundi í febrúar-mars 2007. Alþjóðastjórn styrkir Leiðtogaskóla að uppfylltum ákveðnum skilyrðum m.a. að fylgt sé hugmyndafræðinni að innhaldi og framkvæmd og að umsjónarmaður skólans hafi fengið kennaraþjálfun LCI.

Þjálfun nýrra kennara

Markmið Lions er að efla félagana og styrkja forystuna með öflugri leiðtogafræðslu. Mikið fé hefur verið sett í leiðtogafræðsluna undanfarin áratug, en mat alþjóðastjórnar og fræðsludeildar LCI er, að nýta megi féð betur og ná til fleiri félaga með Leiðtogaskóla heima. Til að styrkja skólana þarf að fjölga kennurum og

frh. bls. 14

*Óskum öllu
Lionsfélki gleðilegra
jóna og farsældar á
komandi ári.*

*Rammagerðin,
Flugstöð
Leifs Eiríkssonar*



**ICELAND
GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN**



**Lionsfélagar, Lionessur
og makar takið eftir!**

**Úrval fallegra Lionsmuna
fást til jólagjafa
Lionsskrifstofan**

*Fjölumdæmisstjórn Lionshreyfingarinnar
á Íslandi sendir öllum Lionsfélögum
og fjölskyldum þeirra
sínar bestu jóla og nýársóskir*

*Guðmundur Rafnar Óaltýsson
fjölumdæmisstjóri*

*Björgúlfur Þorsteinsson
umdæmisstjóri 109A*

*Jón Gröndal
umdæmisstjóri 109B*



**Óskum öllum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla og farsæls
komandi árs.**

chk

**hópferðir • áætlunarferðir
ferðaskrifstofa**

Munið minningarkort Lions
Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum
Lionsklúbbum og á skrifstofu
Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
Styrkjum fjölbreytt líknarverkefni
Lionshreyfingarinnar.